

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 26. júní 2012 í máli nr. S-392/2012:

Ákærvaldið

(Sigríður J. Friðjónsdóttir ríkissaksóknari)

gegn

Guðgeiri Guðmundssyni

(Brynjólfur Eyvindsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var föstudaginn 8. júní 2012, er höfðað með ákæru, útgefinni af ríkissaksóknara 25. maí 2012 á hendur Guðgeiri Guðmundssyni, kt. 000000-0000, Krummahólum 2, Reykjavík, fyrir eftirtalin brot framin að morgni mánudagsins 5. mars 2012 á lögmannsstofunni Lagastoð, Lágmúla 7, Reykjavík.

I.

Fyrir tilraun til manndráps með því að hafa veist að Skúla Eggerts Sigurz, framkvæmdastjóra Lagastoðar, með hnífi og stungið hann ítrekað í líkamann með þeim afleiðingum að Skúli hlaut fimm stungusár, á hægri öxl, hægra og vinstra megin á brjóstkassa, aftarlega á hægri síðu og ofan við vinstri mjaðmarspaða auk minni skurða á höndum og í andliti, gekk hnífurinn gegnum þindina og í lungu bæði hægra og vinstra megin, gegnum hægra nýra, í lifur og gallblöðru, með þeim afleiðingum að Skúli missti 50 lítra af blóði í framhaldi af árásinni og meðan gert var að sárum hans, fjarlægja þurfti hægra nýrað og gallblöðru hans, bæði lungu hans sködduðust, tvö göt komu á þind hans auk áverka á lifur. Voru fjögur stungusáranna lífshættuleg ein sér þó aðrir áverkar hefðu ekki komið til.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás með því að hafa veist að Guðna Bergssyni, starfsmanni Lagastoðar, með hnífi þegar hann kom Skúla Eggerts til hjálpar, og stungið hann tvisvar í vinstra lærið.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu Skúla Eggerts Sigurz er krafist greiðslu miskabóta að fjárhæð 3.000.000 króna, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað, þ.e. 5. mars 2012, þar til mánuður er liðinn frá birtingu skaðabótakröfunnar, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er krafist viðurkenningar á bótaskyldu ákærða vegna líkamstjóns brotaþola, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1993. Þá er krafist greiðslu lögmansþóknunar réttargæslumanns að mati dómsins eða samkvæmt síðar fram lögðum reikningi auk virðisaukaskatts, en áskilinn er réttur til að leggja fram reikning eigi síðar en við aðalmeðferð málsins. Þess er krafist að dráttarvextir leggist við höfuðstól miskabóta á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta allt í samræmi við 12. gr. laga nr. 38/2001.

Af hálfu Guðna Bergssonar er krafist skaða- og miskabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 1.138.200 krónur, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað, þ.e. 5. mars 2012, þar til mánuður er liðinn frá birtingu skaðabótakröfunnar, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist greiðslu lögmansþóknunar réttargæslumanns að mati dómsins eða samkvæmt síðar fram lögðum reikningi, auk virðisaukaskatts. Þess er krafist að dráttarvextir leggist við höfuðstól bóta á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta, allt í samræmi við 12. gr. laga nr. 38/2001.

Verjandi ákærða gerir þær kröfur að ákærði verði sýknaður af II. lið ákæru, en dæmd vægasta refsing er lög leyfa vegna I. ákæruliðar. Verði ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem greinir í II. ákærulið er þess krafist til vara að hann verði dæmdur til vægustu refsingar er lög leyfa. Þá er krafist frávísunar bótakrafna, en til vara er krafist lækkunar þeirra. Loks krefst verjandi hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins.

Málsatvik

Samkvæmt skýrslu lögreglu frá mánudeginum 5. mars 2012 barst tilkynning klukkan 9:52 um líkamsárás og hnífstungu á skrifstofu Lagastofnar, lögfræðiþjónustu, að Lág múla 7 í Reykjavík. Er lögreglumenn komu á vettvang fjórum mínútum síðar var þeim vísað inn á skrifstofu við hlið móttökuborðs, þar sem tveir karlmenn héldu ákærða á gólfinu rétt við dyrnar. Þar fyrir innan lá Skúli Eggerts Sigurz á bakinu og rann mikið blóð frá brjósti hans og hægri síðu, en starfsmenn skrifstofunnar reyndu að hlúa að honum. Var ákærði handtekinn, en hann virtist rólegur og mælti ekki orð frá munni. Skúli var með fullri meðvitund er lögreglumenn bar að, en hrakaði ört og virtist meðvitundarlítill er sjúkralið flutti hann á slysadeild. Kemur fram að Skúla hafi blætt stanslaust og hafi hann legið í stórum blóðpolli. Hafi tvö stungusár verið greinileg á líkama hans, á brjósti og hægri síðu. Guðni Bergsson, sem hélt ákærða í tókum er lögreglumenn bar að, reyndist vera með tvö stungusár ofan við hné og blæddi nokkuð úr þeim. Fram kom hjá vitnum á vettvangi að ákærði hefði komið í móttöku lögfræðiskrifstofunnar og óskað eftir viðtali við lögfræðing vegna skuldamála. Hefði Skúli rætt við manninn

inni á skrifstofu sinni, en þaðan hefðu síðan heyrst neyðaróp. Guðni Bergsson hefði verið fyrstur inn á skrifstofuna til aðstoðar og hefði hann lent í átökum við ákærða, en fleiri starfsmenn síðan borið að og hefði ákærði verið yfirbugaður. Var lögreglumönnum vísað á hnífinn, sem ákærði hefði notað við verknaðinn, en honum hafði verið sparkað fram á gang og bréfaörfu hvolft yfir hann.

Í skýrslu tæknideildar lögreglu um vettvangsrannsókn kemur fram að mikið blóð hafi verið á skrifstofu Skúla Eggerts Sigurz. Blóðferlar á vettvangi hafi bent til þess að upphaf atlögunnar hafi verið við skammenda skrifborðs við suðurgafli skrifstofunnar. Gerandi og árásarþoli hafi farið að hurð skrifstofunnar eftir suðurveggnum þar sem árásarþoli hafi hlotið a.m.k. tvær stungur til viðbótar. Fáeinir frákastsblettir hafi verið sjáanlegir á suðurveggnum, en slíkir blettir framkallist við að blóð kastast af áhaldi sem er sveiflað af krafti. Skýrslunni fylgja ljósmyndir, sem teknar voru á vettvangi.

Hnífurinn sem lögregla lagði hald á reyndist vera 23,8 cm á lengd og vega 64,60 g. Hnífsblaðið var með ávölum bakka og egg. Blaðlengd var 12,7 cm og mesta breidd blaðs 2,7 cm. Blóð var á hnífsblaði og skefti.

Sýni sem tekin voru af vettvangi, höndum ákærða og fatnaði sem hann klæddist voru send til DNA-greiningar hjá Statens Kriminalteknisk Laboratorium í Svíþjóð. Samkvæmt skýrslu tæknideildar lögreglu um niðurstöðu rannsóknarinnar reyndist blóð vera til staðar í öllum þeim sýnum sem tekin voru á vettvangi og höfðu þau öll sama DNA-snið og var það snið eins og DNA-snið Skúla Eggerts Sigurz. Eitt sýni sem tekið var frá hnífnum reyndist hafa blöndu DNA-sniða, sem samrýmdust DNA-sniðum Skúla og Guðna Bergssonar. Þá reyndist eitt sýni sem tekið var frá fatnaði ákærða hafa DNA-snið eins og DNA-snið Guðna. Greining á öðrum sýnum sem tekin voru frá hnífnum og fatnaði ákærða leiddi í ljós að þau höfðu öll sama DNA-snið og var það snið eins og DNA-snið Skúla.

Ákærði gekkst undir réttarlæknisfræðilega skoðun á lögreglustöð í kjölfar handtöku. Í skýrslu læknis kemur fram að ákærði hafi verið rólegur við skoðunina. Hann var með 1 cm langt skurðsár á vísifingri vinstri handar, sem hann sagðist hafa veitt sér sjálfur með hnífnum, sem hann notaði. Hann bar ekki aðra nýja áverka. Samkvæmt matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði fannst hvorki alkóhól né ávana- og fíkniefni eða lyf í blóðsýnum sem tekin voru af ákærða við læknisskoðun.

Samkvæmt vottorði Tómasar Guðbjartssonar, yfirlæknis hjarta- og lungnaskurðeildar Landspítala, dagsettu 24. maí 2012, var Skúli Eggerts Sigurz fluttur með sjúkrabifreið á bráðamóttöku slysadeildar Landspítala og kom þangað klukkan 10:10. Hann var með fimm meiriháttar áverka sem allir samrýmdust því að vera eftir hnífstungu, sem hér greinir:

1. Fimm cm skurður neðst á hálsi hægra megin, rétt aftan við viðbein, sem blæddi ríkulega úr.
2. Fjögurra cm skurður hægra megin á brjóstholi, í hæð við 6. rifbein, við fremri holhandarlínu. Var hægt að stinga fingri í gegnum gatið inn í brjósthol. Út um gatið kom ferskt blóð og loft.

3. Fjögurra cm skurður vinstra megin á brjóstholi í hæð við 7. rifbein, nokkrum cm aftar en gatið á brjóstholi hægra megin.
4. Fimm cm skurður á síðu hægra megin, rétt undir hægri rifjaboga og í hæð við enda á tólfta rífi. Mikið blæddi frá skurðinum og var hægt að stinga fingri í gegnum kviðvegginn.
5. Fjögurra cm og næstum 10 cm djúpur skurður á vinstra mjaðmasvæði. Hægt var að stinga fingri inn um skurðinn í átt að mjaðmarlið. Ur sárinu blæddi, en mun minna en frá hinum sárunum.

Einnig sáust eftirfarandi áverkar:

1. Eins til tveggja cm skurðir á fingrum beggja handa, mest áberandi yst á fjórða og fimmta fingri hægri handar. Lítillega blæddi úr skurðunum.
2. Tveggja cm skurður á hægri framhandlegg, sem ekki var djúpur og blæddi lítillega úr.
3. Tveggja cm tiltölulega grunnur skurður á hægri kinn sem blæddi úr.

Brotapoli gekkst undir bráðaaðgerð á skurðstofu. Við aðgerðina kom í ljós að þrjú djúpir skurðir voru í lifur og hafði einn þeirra rofið gat á gallblöðruna, sem varð að fjarlægja. Margúll var í kringum æðar nálægt skurðsári hægra megin á hálsi. Djúpir skurðir voru í gegnum neðri blöð hægra og vinstra lunga og göt á þind vinstra og hægra megin. Á brjóstkassa báðum megin voru göt, þar sem rif höfðu kubbast í sundur og blæddi frá aðlægum rifjaslagæðum. Þá voru blæðingar frá hægra nýra, auk annarra áverka. Skurðaðgerðin varði tæpar sex klukkustundir, en brotapoli gekkst undir þrjár aðgerðir til viðbótar um kvöldið og næstu daga. Varð m.a. að fjarlægja nýrað, sem hafði skaðast. Kemur fram að brotapoli hafi misst sem nemur 50 lítrum af blóði eftir atlöguna og meðan á aðgerðum stóð. Hann var síðan fluttur af skurðeild á gjörgæsludeild og lá í öndunarvél í rúmar þrjár vikur.

Í vottorðinu er rakið að skurðáverkar á hálsi, brjóstholi og síðu hafi að mati læknisins verið lífshættulegir og hefði hver og einn þeirra hæglega getað dregið brotapola til dauða, ef lækni meðferð hefði ekki verið veitt jafn skjótt og raunin varð. Áverkar á hægra nýra og lifur hafi einnig verið lífshættulegir, fyrst og fremst vegna blæðingar.

Um horfur brotapola segir m.a. í læknisvottorðinu að þótt lungu og lifur hafi jafnað sig vel muni þessi líffæri líklega aldrei verða söm. Þá hafi gallblaðra og hægra nýra verið fjarlægt og sé líklegt að vinstra nýra eigi aldrei eftir að verða jafn gott og áður. Brotapoli beri mörg ör, á hálsi, brjóstholi beggja vegna og hægra megin á kvið. Þá séu ör eftir aðgerð á brjóstholi og kviðarholi. Áverkar á fingrum hafi valdið skertri tilfinningu og dofa, en telja megi líklegt að úr því muni draga með tímanum. Fyrirsjáanlegt sé að samvextir muni myndast í kviðarholi eftir áverkana og blæðingu sem henni fylgdi, sem geti valdið truflun á starfsemi garna síðar meir. Áverkar á hálsvöðva muni gróa, en geti valdið örmyndun og skertri hreyfigetu. Heila- og taugakerfi virðist hafa sloppið ótrúlega vel og hjarta virðist að mestu óskaddað. Brotapoli hafi verið andlega sterkur, en ljóst sé að þessi atburður og veikindi sé meiri háttar áfall. Sé líklegt að hann muni þurfa hjálp sérfræðinga vegna

þessa á næstu misserum.

Þá liggur fyrir vottorð Ólafs R. Ingimarssonar, yfirlæknis á bráða- og göngudeild Landspítala, dagsett 5. mars 2012, þar sem kemur fram að Guðni Bergsson hafi komið á deildina 5. mars 2012 klukkan 10:15 og hafi hann verið með tvö sár eftir hníf á vinstra læri. Stærri skurðurinn hafi verið 8 cm langur, framan á lærinu aðeins ofan við miðju, gegnum húð og undirhúð og gegnum vöðva bandvef (fasciu) og niður í rectus vöðvann. Annað skurðsár og minna hafi verið utanvert á neðri hluta læris og náð niður að fasciu en ekki í fasciuna sjálfa. Sárin hafi verið djúp, en ekki lífshættuleg. Þau hafi verið saumuð. Brotaþoli hafi komið aftur á deildina eftir að hafa fengið blæðingu frá skurðinum framan á lærinu og hafi verið gert að sárinu á nýjan leik. Hann hafi komið í lokaeftirlit 15. mars og hafi sárin þá verið gróin og saumar teknir.

Ákærði gekkst undir geðheilbrigðisrannsókn hjá Sigurði Páli Pálssyni geðlækni. Í tengslum við þá rannsókn vann Brynjar Emilsson sálfræðingur persónuleikamat á ákærða. Í skýrslu sálfræðingsins, dagsettri 28. mars 2012, kemur m.a. fram að ákærði hafi verið lagður í einelti í æsku og hafi það, ásamt öðrum áföllum, mótað hugsanahátt hans. Lífsviðhorf hans sé þannig að engum sé treystandi og að fólk muni svíkja hann. Hann hafi lágt sjálfsmat og neikvæðan og þunglyndislegan hugsanahátt. Hann bæli niður reiði og gremju þangað til hann „springi“. Þá sé hann með talsvert mörg einhverfueinkenni. Persónuleiki hans sé nokkuð sambærilegur kleyfhugapersónuleikaröskun. Hann hafi enga ánægju af mannlegum samskiptum, hafi flatar tilfinningar og engin geðtengsl við aðra. Ljóst sé að hann hafi enga eftirsjá varðandi glæp sinn, sem hann telji réttlætanlegan. Hann hafi fastmótuð neikvæð viðhorf til fólks, sem hann treysti ekki og telji vera spillt. Hann hafi einnig mjög einstrengingslegar og öfgakenndar hugmyndir um ýmsa hluti eins og trúmál og lögfræðinga. Slíkar neikvæðar reiðihugsanir, ásamt óttaleysi, geti valdið ofbeldishegðun á borð við þá sem hann hafi sýnt.

Í skýrslu Sigurðar Páls Pálssonar um geðheilbrigðisrannsóknina, dagsettri 22. apríl 2012, er að finna svohljóðandi samantekt geðskoðunar og viðtala við ákærða:

1. Guðgeir sýnir góða samvinnu frá upphafi geðskoðana og virðist einlægur í svörum. Hann er enn reiður yfir uppboðsbeiðni í fyrsta viðtali.
2. Engar vísbendingar komu fram um einkenni geðrofs, ranghugmynda, rugls eða ofskynjana.
3. Guðgeir er að upplagi örugglega eðlilega gefinn, en hefur þó verið lesblindur sem barn.
4. Guðgeir hefur verið reglusamur og engin saga er um misnotkun áfengis eða eiturfylla.
5. Guðgeir uppfyllir skilmerki fyrir persónuleikaröskun, bæði af kleyfhugagerð (schizoid) og tortryggni (paranoid). Þetta er samofið vægum einhverfu einkennum, sem virðast tilkomin á efri árum og því tengjast mótun persónuleika hans en ekki einhverfu sem slíkri.

6. Guðgeir er talsvert mótaður af upplifunum sínum frá árum áður af miklu einelti. Heimsmynd hans er fremur neikvæð og þröng. Hann viðurkennir í raun að vissar aðstæður þar sem hann telur „svínað á sér“ skapi hjá sér ofbeldishugsanir.
7. Guðgeir hefur tilhneigingu til þunglyndis (óyndi, dysthymia) á veturna. Slíkt getur ýft upp og gert persónuveikleika verri. Hann hafði auk þess sofð illa og leið almennt illa. Reiði bæði inn á við (sjálfsvígsáform), en líka út á við (ofbeldishugsanir), voru í aðdraganda atburðar. Hann taldi sig miklum órétti beittur og var reiður á verknaðarstund. Missti þá alla stjórn á sér.
8. Guðgeir viðurkennir gerðir sínar frá upphafi geðrannsóknar. Reiði virðist helsta ástæða verknaðarins.
9. Guðgeir iðrast vægt gerða sinna og sýnir engin merki djúprar sektarkenndar. Guðgeir á hins vegar erfitt með að sýna tilfinningar að öllu jöfnu. Þetta virðist liggja í persónuleikaveilu hans.

Í niðurstöðukafla skýrslunnar segir eftirfarandi:

1. Það er niðurstaða mín að Guðgeir sé sakhæfur.
2. Guðgeir hefur engin merki geðrofs, sturlunar, frá upphafi skoðunartíma. Heimildir og gögn eru þessu samhljóða.
3. Grunnpersónuleiki Guðgeirs einkennist af tortryggni, en þó mest af því að vera einrænn og fáum trúa eða treysta. Mjög neikvæðar hugmyndir um lífið og möguleika þess fyrir hann.
4. Ekki koma fram merki um svo alvarlega persónuleikaröskun, heilaskaða eða greindarskort af þeirri gráðu að þau firri hann ábyrgð gerða sinna.
5. Guðgeir var allsgáður á brotadegi.
6. Geðræn einkenni sem að ofan er lýst leiða ekki til ósakhæfis samkvæmt 15. gr. almennra hegningarlaga.
7. Þau útiloka ekki fangelsisvist né að refsing komi að gagni.
8. Mikilvægt er þó að Guðgeiri verði leiðbeint að skoða hlutina í jákvæðara samhengi og ætti sálfræðilegur stuðningur að geta komið honum að góðu gagni auk reiðistjórnunar. Matsmaður telur að þunglyndi hans sé æskilegt að meðhöndla.
9. Ástand þetta hefði aldrei þróast ef Guðgeir hefði leitað sér aðstoðar fremur en taka hlutina í eigin hendur.
10. Nýti Guðgeir sér aðstoð eru horfur hans góðar.

Ákærði var yfirheyrður af lögreglu síðdegis mánudaginn 5. mars. Hann viðurkenndi að hafa veist að Skúla og stungið hann með hnífi. Ákærði kvaðst hafa fengið innheimtubréf frá Lagastod vegna vangoldinnar brunatryggingar og hefði komið fram að íbúð hans yrði boðin upp ef hann greiddi ekki skuldina. Hann hefði fengið þetta bréf fyrir einni eða tveimur vikum, en það hefði svo verið síðastliðinn þriðjudag að hann hefði ákveðið að ráðast á þann mann hjá lögfræðistofunni, sem hefði með innheimtuna að gera. Spurður hvenær hann hefði ákveðið að ráðast á manninn með hnífi kvað ákærði það hafa verið degi fyrr, eða á sunnudeginum, en þó ekki endanlega fyrr en á skrifstofu Skúla, skömmu áður en hann stakk hann. Ákærði kvað Skúla hafa verið í afgreiðslu lögfræðistofunnar þegar hann kom þangað. Hefði Skúli vísað honum inn á skrifstofu sína og farið að semja við hann um lækun skuldarinnar. Borið var undir ákærða útprentað bréf, sem fannst í úlpuvasa hans, skuldakrafa tryggingarfélags, stíluð á ákærða vegna brunatryggingar. Í bréfinu var heildarfjárhæð skuldarinnar tilgreind 83.375 krónur, en strikað hafði verið yfir þá tölu með penna og ritað í þess stað 57.000 krónur. Þá höfðu verið ritaðar á bréfið greiðsluupplýsingar og netfangið skuli@lagastod.is. Ákærði kvað Skúla hafa prentað þetta bréf út á skrifstofu sinni og ritað á það. Hefði komið fram hjá Skúla að hann hefði boðið honum góðan samning með því að lækka skuldina niður í 57.000 krónur. Ákærði kvaðst hafa stungið blaðinu í vasa sinn eins og hann hefði samþykkt þetta, til þess að fá Skúla til að standa upp og taka í hönd sér. Hann hefði fengið Skúla til að standa upp til að fá betra færi á honum. Hann hefði tekið upp hnífinn, sem hann hefði verið með í vasanum, en þetta væri eldhúshnífur, sem hann hefði átt lengi. Hann hefði heilsað Skúla með hægri hendi, en tekið hnífinn með þeirri vinstri úr vinstri úlpuvasa sínum. Hann hefði stungið Skúla í kviðinn. Skúli hefði þá sleppt hendi hans og tekið utan um hann. Ákærði kvaðst hafa haldið áfram að ráðast að Skúla með hnífnum, en ekki geta sagt til hve margar stungur hann veitti honum í átökunum. Hann hefði tekið um axlir eða höfuð Skúla og þeir hefðu lent í gólfinu. Þá hafi annar maður komið inn á skrifstofuna og þrifið hann ofan af Skúla. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað að sá maður hefði verið stunginn í lærið og kvað það hafa verið óviljaverk. Hann neitaði því að það hefði verið vilji sinn að bana manninum sem hann veittist að. Nánar spurður um atvik kvaðst hann hafa ákveðið síðastliðinn þriðjudag að ráðast á einhvern sem hefði með innheimtumál hans að gera. Hann hefði ákveðið á sunnudagskvöldið að ráðast á þann mann með hnífi og tekið með sér hníf í því skyni að ráðast á starfsmann lögfræðistofunnar.

Ákærði var yfirheyrður á ný 9. mars og 4. apríl. Við yfirheyrsluna 9. mars kom m.a. fram hjá honum að hann minntist þess að á meðan á atlögunni stóð hefði Skúli sagt við hann: „Ertu brjáláður.“ Síðan hafi hann ekki gert neitt og hafi virst vera búinn að gefast upp, eins og hann vissi að hann ætti eftir að deyja og ekki þýddi að berjast á móti. Kvaðst ákærði minnast þess að Skúli lá undir honum og hann hafi séð hnífsblaðið við háls hans. Hann hefði þá hugsað að hann ætti að „klára þetta“, en einnig hugsað með sér hvað hann væri búinn að gera. Þá hefði Guðni skyndilega verið kominn ofan á hann og haldið um úlnliði hans.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna við aðalmeðferð málsins.

Ákærði kvaðst hafa fengið innheimtubréf frá Lagastoð þar sem kom fram að fyrirhugað væri nauðungaruppboð á íbúð hans. Hann kvaðst halda að hann hafi ákveðið á sunnudagskvöldinu að taka með sér hnífinn á skrifstofu Lagastoðar. Hann hefði farið til vinnu eins og venjulega á mánudagsmorgninum og geymt hnífinn í úlpuvasa sínum. Hann hefði síðan gengið frá vinnustað sínum að skrifstofu Lagastoðar, farið þangað inn og spurt konu í móttöku við hvern hann ætti að ræða vegna innheimtumálsins. Skúli hefði boðið honum inn á skrifstofu sína og farið yfir málið með honum. Skúli hefði prentað út afrit af innheimtubréfinu og ritað á bréfið um lækkun kröfunnar. Ákærði kvaðst telja að hann hefði samþykkt að ljúka málinu með þeim hætti. Þeir hefðu risið á fætur og tekist í hendur. Eftir það hefði hann misst stjórn á sér og stungið Skúla fyrstu hnífstungunni. Komið hefði til átaka og þeir fallið í gólfíð og hefði ákærði lent ofan á Skúla. Þá hefði hurðin á skrifstofunni opnast og einhver gægst þar inn. Ákærði kvaðst hafa sparkað hurðinni til baka. Hann hefði haft hnífinn í vinstri hendi þegar þetta var og hefði hann litið niður á Skúla og séð að hnífurinn var rétt við háls hans. Hann hefði þá farið að hugsa um hvað hann hefði gert. Allt í einu hefði svo maður verið kominn ofan á hann og búið að draga Skúla undan honum. Síðan hefði lögregla komið og handjárnað hann.

Ákærði kvaðst ekki muna hvernig Guðni Bergsson hlaut áverka á læri, en tók fram að miðað við það ástand sem hann var í ætlaði hann ekki að neita að hafa verið valdur að áverkunum. Það væri mjög líklegt að hann hefði gert þetta.

Ákærði kvað Lagastoð hafa haft fleiri kröfur á hendur sér til innheimtu, m.a. kröfu vegna láns sem hann hefði tekið til að fjármagna kaup á mótörhjól. Hann hefði ekki ráðið við afborganir af lánunum. Hann kvaðst hafa verið reiður þegar hann fór á skrifstofu Lagastoðar. Hann hefði lítið sofið næstu tvær vikur á undan og hefðu þær verið „móðukenndar“. Hann hefði ákveðið að fara á lögfræðiskrifstofuna á þriðjudeginum í vikunni á undan. Þá hefðu verið einhverjar hugsanir með honum að gera einhverjum mein. Hann kvaðst hins vegar ekki hafa verið búinn að ákveða hvað hann ætlaði að gera með hnífnum sem hann tók með sér. Ákærði kannaðist við að hafa sagt við lögregluyfirheyrslu að hann hefði tekið í hönd Skúla til að fá betra færi til að stinga hann. Hann kvaðst þó ekki vita hvort þetta hefði verið tilgangurinn. Hann kvaðst vera rétthentur, en hafa haft hnífinn í vinstri vasa. Hann kvað geta verið að hann hefði séð þá atburðarás fyrir að Skúli myndi taka í hægri hönd hans og hann taka hnífinn úr vasanum og stinga hann. Hann kvaðst þó ekki geta svarið fyrir að hann hefði verið búinn að ákveða að gera þetta svona. Ákærði lýsti því að þegar þeir tókust í hendur hefði hann séð örlítið lúmskt bros hjá Skúla, svipað og þegar einhver segir: „Flott ég náði þér“, eins og Skúli hefði verið að hugsa: „Ha ha náði þér“, þ.e.a.s. að hann hefði náð að níðast á ákærða. Kvaðst ákærði telja að þetta hefði „sett stjórnleysið af stað“.

Ákærði kvaðst muna eftir að hafa stungið Skúla einu sinni, en kvaðst telja hinar stungurnar hafa komið þegar Skúli hefði staðið á bak við hann og hann sveiflaði eða fálmaði með hnífnum aftur fyrir sig. Hann kvað það ekki hafa verið í huga sínum að drepa Skúla. Hann kvaðst ekki vita hvort hann beitti afli við stungurnar, en taldi það mjög líklegt miðað við ástandið sem hann var í, reiði og gremja hefðu verið búin að ná yfirhöndinni.

Ákærði lýsti því að þeir Skúli hefðu fallið í gólfíð og legið við hlið skrifborðsins. Hefði vinstri hönd ákærða verið við háls Skúla og hnífurinn undir hendinni. Hann kvaðst þá hafa séð svipbrigði hjá Skúla eins og hann væri búinn að gefast upp. Þá hefði hurðin opnast og andlit komið í gættina. Ákærði kvaðst hafa sparkað hurðinni til baka, en litið síðan aftur á Skúla og farið að hugsa um hvað hann væri búinn að gera. Frá þeim tímapunkti tæki við algjört minnisleysi hjá honum. Kvaðst hann næst muna eftir því að maður hefði verið kominn á bakið á honum. Hann hafi verið á fjórum fótum og Skúli horfinn undan honum. Hnífurinn hefði enn verið undir hendi hans. Hann hefði heyrt mikinn hávaða og öskur og einhver hefði sagt: „Náið hnífnum af honum.“ Kvaðst ákærði þá hafa hent hnífnum frá sér. Hann kvaðst ekki muna eftir að hafa verið í átökum við Guðna Bergsson. Guðni hefði verið á bakinu á honum og haldið um báða framhandleggi hans, en hnífurinn verið undir vinstri hendi hans. Ákærði kvað vera rétt sem hann hefði lýst við yfirheyrslu hjá lögreglu að hann hefði horft niður á Skúla og hnífsblaðið verið rétt hjá hálsinum á honum og eitthvað hefði sagt honum að „klára, klára, klára“. Hann kvað þó tvær andstæðar raddir hafa hljómað í höfði sér, önnur hefði verið að reyna að ná stjórn á meðan hin reyndi að halda æsingnum og tryllingsskapnum áfram.

Ákærði kvaðst aldrei hafa heyrt neitt gott eða jákvætt um lögfræðinga. Kvaðst hann byggja þessa skoðun sína á reynslusögum annarra, en sjálfur hefði hann forðast að hafa samskipti við þessa tilteknu starfsstétt. Spurður hvaða hug hann bæri til þessa atburðar kvaðst hann vilja að þetta hefði ekki gerst. Hann vildi að hann hefði ekki látið undan stundarlöngun til að kaupa farartæki. Hann kvaðst sjá eftir því að hafa farið á lögfræðiskrifstofuna. Þá kvaðst hann sjá eftir því að hafa skrifað undir lánasamning. Hann kvaðst óska að hann hefði ekki hitt Skúla. Hann játaði því að hann sæi eftir því að hafa veitt Skúla áverka. Þetta væri eitthvað sem ekki ætti að gera. Kvaðst ákærði taka fulla ábyrgð á gerðum sínum.

Vitnið, *Skúli Eggerts Sigurz*, kvaðst hafa verið á leið út af skrifstofunni þegar hann hefði séð ungan mann, ákærða, frammi í móttöku. Hann hefði séð á útliti ákærða að ekki var allt með felldu hjá honum. Því hefði hann tekið að sér að ræða við hann um þetta innheimtumál. Skúli kvaðst hafa boðið ákærða inn á skrifstofu sína, boðið honum sæti og sest gegnt honum við skrifborðið. Hann hefði farið yfir málið með honum og prentað út bréf sem það varðaði. Ákærði hefði ekki mælt orð frá munni. Skúli kvaðst síðan hafa rétt honum blaðið, þeir hefðu risið á fætur og hann hefði tekið í hönd ákærða og gert sig líklegan til að opna dyrnar. Hann hefði ekki fundið fyrir því að vera stunginn, en skyndilega séð að blóðbuna stóð úr hægri síðu hans. Hann hefði sagt við ákærða: „Hvað gengur þér til drengur?“ Ákærði hefði litið á hann með miklu hatri í augum og sagt: „Ég hata lögfræðinga.“ Skúli kvaðst hafa svarað: „En ég er ekki lögfræðingur“, en þá hefði virst sem ákærði æstist allur upp. Hann kvaðst hafa verið klár á því að ákærði myndi drepa hann. Hann hefði rokið í ákærða, en runnið í blóði á gólfinu. Þeir ákærðu hefðu lent á gólfinu og hefði ákærði legið ofan á honum. Þá hefði Guðni Bergsson komið inn og rifið ákærða ofan af honum. Skúli sagði þetta hafa gerst ótrúlega hratt. Hann hefði ekki fundið fyrir stungunum, aðeins fundið lítillaga fyrir einhverju undir handarkrikanum eftir fyrstu stunguna. Hann kvaðst ekki muna til þess að ákærði hefði snúið baki í hann í átökunum sem áttu sér stað á milli þeirra og stungið aftur fyrir sig, eins og ákærði hafði lýst. Hann kvaðst hins vegar muna eftir því að hafa borið hönd fyrir andlit sér til að verjast hnífstungum og hefði hann

við það fengið skurðsár á höndina og kinn.

Skúli lýsti liðan sinni og kvað aðeins um mánuð liðinn frá því hann gat gengið á ný eftir atburðinn. Þó væri hreyfigeta hans mjög skert, einkum í vinstri hönd, sem háði honum mjög í daglegu lífi og skerti möguleika hans á tómstundaiðkun. Þá væri hann dofinn í fingrum og á hægri vanga, auk þess sem hann fyndi fyrir innri áverkum með ýmsum hætti.

Vitnið, *Guðni Bergsson*, kvaðst hafa verið nýkominn til vinnu á skrifstofu sinni þegar hann heyrði óp frammi á gangi og hávaða eins og átök ættu sér stað. Starfskona við móttökuborð hefði hrópað að eitthvað væri að inni hjá Skúla. Guðni kvaðst hafa hlaupið í átt að skrifstofu Skúla, heyrð örvæntingarfullt hróp koma þaðan og séð að menn voru þarna að takast á. Hann hefði gert sér grein fyrir því að ráðist hefði verið að Skúla og þegar hann opnaði hurðina hefði verið ljóst að um mjög alvarlega árás var að ræða og mikið blóð var á vettvangi. Skúli hefði verið undir veggnum vinstra megin á skrifstofunni og ákærði yfir honum með hníf í hendi. Guðni kvaðst hafa stokkið að mönnunum og komið að þeim á hlið aftan frá. Kvaðst hann telja að Skúli hefði verið á hnjám sér og að ákærði hefði verið bograndi yfir honum. Guðni kvaðst hafa reynt að ná ákærða af Skúla. Ákærði hefði haldið á hnífnum í vinstri hendi og hefði hann reynt að ná tókum á hendinni. Hann hefði náð taki á ákærða og keyrt hann í gólfið. Þá hefði hann náð tókum á báðum höndum hans. Ákærði hefði enn haldið á hnífnum í vinstri hendi og kvaðst Guðni hafa barið þeirri hendi ítrekað í gólfið og æpt: „Slepptu hnífnum, slepptu hnífnum.“ Ákærði hefði loks sleppt eða misst tak á hnífnum. Í þann mund hefði fleiri starfsmenn borið að og hefði hann sagt þeim að sparka hnífnum fram á gang, sem þeir hefðu gert. Haukur Guðmundsson og Valtýr Sigurðsson hefðu dregið Skúla frá og hlúð að honum, en Guðni kvaðst hafa haldið ákærða uns lögreglumenn komu á vettvang.

Guðni kvaðst ekki hafa áttað sig á því fyrr en átökin voru yfirstaðin að hann hefði verið stunginn með hnífnum. Hann hefði tekið eftir því þegar hann hélt ákærða niðri við gólf að buxurnar hans voru rifnar og hefði hann fundið fyrir sviða í lærinu. Hann kvaðst ekki gera sér grein fyrir því hvernig það hefði gerst að hann særðist, en kvaðst telja líklegast að ákærði hefði slengt hendinni með hnífnum aftur fyrir sig í átökunum. Allt hefði gerst mjög hratt og þetta hefði verið mikil barátta við ákærða. Hann hefði þurft að hafa fyrir því að ná af honum hnífnum, en ákærði hefði ekki verið hættur árásinni.

Guðni kvaðst hafa spurt ákærða, þegar hann hélt honum í tókum, hvað hann hefði verið að gera. Ákærði hefði sagt: „Þið áttuð þetta skilið.“ Þegar Guðni spurði við hverja hann ætti hefði ákærði svarað: „Þið á lögfræðistofunni.“ Síðan hefði færst einhver ró yfir ákærða eins og honum væri létt.

Borið var undir Guðna það sem haft var eftir honum í lögregluskýrslu sem tekin var af honum, að ákærði og Skúli hefðu legið í gólfinu þegar hann kom inn. Kvaðst hann ekki muna þetta nákvæmlega. Þegar hann hefði komið inn hefði hann séð ákærða yfir Skúla, með hnífinn í vinstri hendi, mikið blóð hefði verið á skrifstofunni og ákærði hafi verið að „gera frekari árás“ á Skúla. Hann hefði séð að ákærði var ekki hættur atlögunni. Ákærði hefði streist á móti þegar hann tók hann tókum og hefðu þeir tekist á í 20 til 30 sekúndur. Hann kvaðst hafa þurft að hafa fyrir því að ná ákærða af Skúla og frá honum og berja hnífinn úr hendi hans. Hann

hefði upplifað það svo að ákærði hefði ekki verið hættur atlögunni á þeim tímapunkti og að hann hefði ekki lokið því sem hann vildi gera. Ákærði hefði streist á móti þegar hann tók hann af Skúla og reyndi að ná hnífnum af honum. Hann hefði upplifað þetta þannig að þeir væru í slag og að þeir væru að berjast um yfirráðin á hnífnum.

Vitnin, *Haukur Guðmundsson* og *Valtýr Sigurðsson*, komu inn á skrifstofu Skúla næstir á eftir Guðna. Haukur kvað Skúla hafa verið að skríða undan ákærða þegar hann bar að, en Guðni hefði legið ofan á ákærða og hefði hnífurinn verið við hönd hans. Haukur kvaðst hafa ýtt hnífnum frá og farið að hlúa að Skúla. Hann kvaðst hafa heyrt Guðna spyrja ákærða af hverju hann hefði verið að þessu og hvað hann hefði verið að gera. Hefði ákærði svarað einhvern veginn á þá leið að þetta væru bara þau, eða að þetta væri bara lögfræðistofan. Valtýr kvaðst hafa komið inn á skrifstofuna á eftir Hauki og hefði Guðni þá verið búinn að yfirbuga ákærða. Hann hefði séð hnífinn á gólfinu og sparkað honum fram á gang, en síðan farið að hlúa að Skúla.

Vitnið, *Brynjar Emilsson*, gerði grein fyrir helstu niðurstöðum persónuleikamats, sem hann vann í tengslum við geðheilbrigðisrannsókn á ákærða. Hann kvað ákærða ekki hafa virst hafa eftirsjá varðandi það sem hann hefði gert. Brynjar lýsti því að í viðtölum við ákærða hefði komið fram að hann sæi mest eftir því að hafa tekið myntkörfulán til að fjármagna kaup á bifhjóli. Hann hefði hins vegar réttlætt atlöguna í viðtölum. Komið hefði fram hjá honum að það sem hann gerði hefði ekki verið réttlætanlegt gagnvart manneskjunni sem fyrir varð, en það hefði verið réttlætanlegt gagnvart manneskjunni sem lögfræðingi, eða vegna stöðu hans. Hefði ákærði virst greina þarna á milli. Ákærði hafi mjög öfgakenndar skoðanir á lögfræðingum og telji ekkert gott hægt að segja um þá starfsstétt. Hann hafi undirbúið verknaðinn, komið hafi fram hjá honum að hann hafi verið búinn að hugsa um þetta í nokkra daga. Hann hafi mætt með hníf á lögfræðiskrifstofuna, en óljóst hafi verið af viðtölum við hann hvað hann hafi nákvæmlega ætlað að gera. Brynjar kvað einelti sem ákærði varð fyrir í æsku, ásamt öðrum erfiðleikum, hafa mótað persónugerð hans. Hann sé haldinn langvarandi reiði, sem hann hafi ekki unnið úr. Hann kvaðst telja að ákærði geti verið hættulegur.

Vitnið, *Sigurður Páll Pálsson*, gerði grein fyrir niðurstöðum geðheilbrigðisrannsóknar á ákærða. Hann kvað ákærða ekki haldinn eiginlegum geðsjúkdómi, en eiga við geðrænan vanda að stríða. Ákærði hafi mótast mjög af einelti sem hann varð fyrir í æsku. Hann sé haldinn persónuleikaröskun af kleyfhugagerð og tortryggni. Slíkir einstaklingar eigi það til að bregðast mjög illa við og verða mjög reiðir ef þeir telji brotið á sér. Það hafi verið mikið áfall fyrir ákærða að fá innheimtubréf. Hann hafi ekki gert ráð fyrir því að hann ætti á hættu að missa íbúðina vegna vanskila. Hafi hugsanir hans snúist upp í mikla reiði, sem hafi legið að baki verknaðinum. Sigurður kvaðst ekki hafa orðið var við djúpa eftirsjá hjá ákærða vegna þess sem hann hefði gert, en tók fram að hann ætti erfitt með að sýna tilfinningar. Þegar leið frá atburðinum og ákærði fór að róast hefði komið fram hjá honum að hann væri hissa yfir því að hafa misst stjórn á sér. Hann hafi hins vegar ekki dýpri merki samviskubits eða sorgar vegna þess sem hann gerði. Ákærði hafi mjög neikvæða afstöðu til lögfræðinga og fleiri sérfræðinga, s.s. lækna. Þetta hafi háð honum þar sem hann hafi ekki leitað til sérfræðinga vegna vanda síns. Sigurður kvað engan vafa leika á sakhæfi ákærða.

Vitnið, *Ólafur R. Ingimarsson*, lýsti áverkum Guðna Bergssonar. Hann hefði verið með blæðandi sár eftir hnífstungu, annað um 8 cm langt framanvert á lærinu, en hitt um 3 cm langt neðarlega á utanverðu læri. Sárið framan á lærinu hefði verið um 5 til 6 cm djúpt og hefði það gengið í gegnum vöðva og flötu sinina sem afmarkar vöðvahylkið, inn í vöðvakjötið. Ólafur sagði áverkana hafa virst vera eftir oddhvassan hníf. Þá kom fram hjá honum að mun alvarlegri áverkar hefðu hlotist ef hnífstungurnar hefðu farið í lærið innanvert vegna slagæða og tauga sem þar eru.

Vitnið, *Tómas Guðbjartsson*, lýsti áverkum Skúla, sem raktir eru í læknisvottorði. Hann sagði að skurðirnir sem Skúli hlaut hefðu ekki verið ýkja langir, eða um 5 til 6 cm, en þeir hefðu verið djúpir. Hann hefði þreifað með fingrum inn undir áverka á hálsi og fundið að hann var djúpur. Við aðgerðina hefði einnig komið fram að aðrir skurðir voru mjög djúpir og gengu þeir um 10 til 15 cm inn í líkamann. Þannig hefði hnífslagið gengið inn í lifur og hægri nýra, en einnig hefðu orðið áverkar á lungum og þind beggja vegna. Miðað við hnífinn, sem beitt var, væri ljóst að allt hnífblaðið hefði gengið inn í líkama Skúla. Þá hefðu rifbein kubbast í sundur beggja vegna og höfðu æðar þar fyrir neðan augljóslega verið sagaðar í sundur. Væri þetta til marks um að hnífnum hafi verið beitt af afli, en talsvert átak þurfi til að rif fari í sundur. Tómas kvað fjóra af fimm stunguáverkum sem Skúli hlaut hvern um sig hafa getað valdið bana. Þá kom fram hjá honum að ef hnífurinn hefði farið í hjarta eða í stóru hásslagaðina, sem liggur upp í heila, hefði vart verið hægt að bjarga lífi Skúla, en tilviljun hefði ráðið því að sú varð ekki raunin. Ekki hefði munað nema nokkrum sentímetrum að hnífurinn færi í hjartað. Þá hefði hnífslagið farið í gengum lungu og þind báðum megin, en lungnaslagæð sé þar mjög nálægt.

Tómas kvað hafa verið ljóst frá fyrstu mínútu að Skúli var í bráðri lífshættu, en honum hafi blætt mikið og öndun hafi verið orðin skert. Hann hafi því verið drifinn tafarlaust í aðgerð, sem hafi verið viðamikil. Hafi Skúli misst um 50 lítra af blóði eftir atlöguna og í aðgerðum, sem sé um sjö eða áttfalt blóðmagn líkamans. Mikil hætta sé fylgjandi svo mikilli blóðgjöf. Tómas kvaðst telja að það hafi skipt sköpum að Skúli gekkst undir aðgerð þegar í stað, án þess að eyða tíma í röntgenrannsóknir, tölvusneiðmyndatöku eða annan venjubundinn undirbúning.

Tómas lýsti því að mikil sýkingarhætta fylgdi aðgerðum af þessu tagi og hafi Skúli dvalið í margar vikur á gjörgæslu. Á þeim tíma hefði hann verið talinn í lífshættu. Þá hefðu jafnframt orðið bilanir í líffærum og Skúli hafi átt erfitt með öndun. Staðan nú væri sú að hægri hönd Skúla væri léleg vegna áverka sem hann hlaut á hálsi. Þá finni hann fyrir áverkum á fingrum. Miklar blæðingar hafi verið í lifur og hafi hann þurft að gangast undir tvær aðgerðir vegna þess. Enn sé blóð í lifur og ekki útséð um lifrarstarfsemi til lengri tíma. Þá sé nýrnastarfsemi áhyggjuefni, en Skúli sé nú aðeins með eitt nýra og hafi það gefið sig. Nýrað sýni batamerki, en erfitt sé að segja til um framtíðarhorfur. Enn séu bólgur í lungum, sem geri að verkum að Skúli mæðist, en góðar horfur séu á því að það muni jafna sig.

Niðurstaða

I. kafli ákæru

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við framburð vitna og læknisfræðileg gögn í málinu, er sannað að ákærði veittist að Skúla Eggerts Sigurz með hnífi og stakk hann ítrekað í líkamann eins og lýst er í ákæru og með þeim afleiðingum sem þar greinir. Ákærði hefur borið að hann hafi íhugað það nokkrum dögum fyrir atburðinn að vinna einhverjum starfsmanni lögfræðistofunnar mein. Þá hafi hann ákveðið kvöldið áður að hafa hnífinn með sér er hann færi þangað. Verður við það miðað að ekki síðar en þá hafi myndast ásetningur hjá ákærða til að stinga starfsmann lögfræðistofunnar með hnífi.

Ákærði stakk Skúla ítrekað með hnífi með tæplega 13 cm löngu blaði. Að mati dómsins er framburður ákærða um að hann hafi veitt Skúla áverka með því að stinga eða fálma með hnífnum aftur fyrir sig óljós og ótrúverðugur. Framburður ákærða að þessu leyti samrýmist hvorki lýsingum Skúla á því hvernig atlagan gekk fyrir sig, né læknisfræðilegum gögnum í málinu. Af framburði Skúla, læknisvottorði og framburði vitnisins Tómasar Guðbrandssonar, verður hins vegar ályktað, að ákærði hafi gengið ákveðið til verks og beitt hnífnum af afli. Þá bar Guðni Bergsson að ákærði hefði ekki látið af atlögunni fyrr en hann var yfirbugaður. Atlaga ákærða að Skúla var lífshættuleg og réð hending því að ekki hlaust bani af. Var atlagan með þeim hætti að lagt verður til grundvallar að ákærði hafi viljað að Skúli biði bana af. Hefur ákærði gerst sekur um þá háttsemi sem í I. kafla ákæru greinir og varðar við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

II. kafli ákæru

Ákærði kveðst ekki muna eftir því að hafa stungið Guðna Bergsson með hnífi í lærið, svo sem lýst er í ákæru, en dregur það hins vegar ekki í efa. Fyrir liggur að ákærði og Guðni tókust á og kom fram hjá Guðna að hann hefði orðið þess var eftir að hann náði að yfirbuga ákærða, að hann hefði verið stunginn. Með hliðsjón af framansögðu, og vísan til læknisvottorðs og framburðar Ólafs R. Ingimarssonar, er sannað að ákærði hafi í tvígang stungið Guðna með hnífnum í lærið, með þeim afleiðingum að hann hlaut skurðsár, svo sem í ákæru greinir. Ákærða mátti vera ljóst að áverkar gátu hlotist af því að hann veitti Guðna viðnám með hníf í hendi. Verður verknaðurinn virtur honum til ásetnings. Samkvæmt framansögðu verður ákærði sakfelldur samkvæmt II. kafla ákæru og varðar háttsemi hans við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing, skaðabætur og sakarkostnaður

Ákærði er fæddur árið 1977. Hann hefur ekki áður sætt refsingu. Ákærði hafði einbeittan ásetning til verksins og réð hending því að ekki hlaust bani af ofsafenginni atlögu hans á Skúla Eggerts Sigurz. Þá var atlaga hans að Guðna Bergssyni stórhættuleg. Það er mat dómsins að ákærði eigi sér engar málsbætur og

kemur ekki til álita að milda refsingu á grundvelli 2. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt framansögðu og með vísan til 1., 2., 3., 6. og 7. tölul. 1. mgr. 70. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 14 ár. Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga kemur gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt frá 6. mars 2012 til frádráttar refsingu.

Af hálfu Skúla Eggerts Sigurz er krafist miskabóta að fjárhæð 3.000.000 króna auk vaxta. Jafnframt er krafist viðurkenningar á bótaskyldu ákærða vegna líkamstjóns. Ákærði hefur alfarið hafnað bótakröfunni. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir tilraun til manndráps. Atlaga hans að Skúla var fyrirvaralaus, ofsafengin og lífshættuleg. Hlaut Skúli gríðarlega áverka af atlögunni, en ekki liggur fyrir hverjar afleiðingar verða af líkamstjóni hans. Ber ákærði skaðabótaábyrgð gagnvart brotþola vegna þess tjóns sem af verknaði hans hefur hlotist, sbr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Með vísan til 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga verður ákærði dæmdur til greiðslu miskabóta að fjárhæð 3.000.000 króna, svo sem krafist er, sem beri vexti sem í dómsorði greinir.

Af hálfu Guðna Bergssonar er krafist skaða- og miskabóta að fjárhæð 1.138.200 krónur auk vaxta, sem sundurliðast þannig:

- | | |
|--|---------------|
| 1. Miskabætur skv. 26. gr. skaðabótalaga | kr. 1.000.000 |
| 2. Þjáningabætur skv. 3. gr. skaðabótalaga | kr. 18.200 |
| 3. Jakkaföt | kr. 120.000 |

Ákærði hafnar bótakröfunni. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás gagnvart Guðna og verður hann dæmdur til greiðslu miskabóta. Þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin 800.000 krónur, með vöxtum sem í dómsorði greinir. Krafa um þjáningabætur og bætur vegna tjóns á fatnaði er ekki studd fullnægjandi gögnum og verður þeim liðum bótakröfu vísað frá dómi.

Ákærði verður dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Brynjólfs Eyvindssonar hdl., 1.255.000 krónur, þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Brynjars Níelssonar hrl., 313.750 krónur, og tilnefnds réttargæslumanns við lögreglurannsókn málsins, Valtýs Sigurðssonar hrl., 188.250 krónur. Við ákvörðun þóknunar til lögmanna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Ákærði greiði 1.175.024 krónur í annan sakarkostnað.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Sigríður J. Friðjónsdóttir ríkissaksóknari.

Málið dæmdu héraðsdómarnir Ragnheiður Harðardóttir, sem dómsformaður, Guðjón St. Marteinson og Ingimundur Einarsson.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Guðgeir Guðmundsson, sæti fangelsi í 14 ár. Gæsluvarðhald ákærða frá 6. mars 2012 kemur til frádráttar refsingu.

Ákærði greiði Skúla Eggerts Sigurz 3.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðbætur nr. 38/2001 frá 5. mars 2012 til 4. maí 2012, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Viðurkennd er bótaskylda ákærða vegna líkamstjóns Skúla Eggerts Sigurz.

Ákærði greiði Guðna Bergssyni 800.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðbætur nr. 38/2001 frá 5. mars 2012 til 4. maí 2012, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Brynjólfs Eyvindssonar hdl., 1.255.000 krónur, og þóknun réttargæslumanna brotþola, Brynjars Níelssonar hrl., 313.750 krónur, og Valtýs Sigurðssonar hrl., 188.250 krónur. Ákærði greiði 1.175.024 krónur í annan sakarkostnað.

Ragnheiður Harðardóttir

Guðjón St. Marteinson

Ingimundur Einarsson